

Siglingastofnun Íslands  
Steingrímur Hauksson  
Vesturvör 2  
200 Kópavogur

**2004020040**  
4909; 9310

Reykjavík, 31. mars 2004  
/--

**Efni: Sjóvarnir á suður- og norðurbakka Óspakseyrar, Broddaneshreppi. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 16. febrúar 2004 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt gerð sjóvarna við suður- og norðurbakka Óspakseyrar, Broddaneshreppi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Broddaneshrepps, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar. Umsagnir bárust frá Broddaneshreppi með bréfi dags. 17. mars 2004, Fornleifavernd Ríkisins með bréfi dags. 19. mars 2004 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 9. mars 2004. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 24. mars 2004.

**FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Fyrirhuguð framkvæmd**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaðar sjóvarnir séu liðir í að koma í veg fyrir landbrot við suður- og norðurbakka Óspakseyrar, Broddaneshreppi. Fram kemur að fyrirhuguð sjóvörn verði um 50 m löng á suðurbakkanum og efnismagn um 300 m<sup>3</sup> og 100 m löng á norðurbakkanum og efnismagn um 600 m<sup>3</sup>. Gert sé ráð fyrir að grjót verði teki í samráði við Vegagerðina úr vegskeringu við þjóðveginn u.þ.b. 3 km norðan Óspakseyrinnar.

**ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA**

Í umsögnum hreppsnefndar Broddaneshrepps, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé talið líklegt að fyrirhuguð framkvæmd hafi

umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir séu ekki á náttúruminjasrá og ekki talið að þar sé að finna jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóti sérstakar verndar.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða gerð sjóvarna á samtals 150 m löngum kafla í Broddaneshreppi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir taka til afmarkaðs svæðis og eru að mestu ofan fjöruborðs en mikilvægasta svæðið með tilliti til lífríkis er neðan stórstraumsfjöruborðs. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdirnar hafi óveruleg áhrif í för með sér.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð sjóvarna á suður- og norðurbakka Óspakseyrar í Broddaneshreppi séu ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Broddaneshrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og þarf sveitarstjórn að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis sbr. 3 tl. bráðabirgðaákvæða sömu laga.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. apríl 2004.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Broddaneshreppur, Fornleifavernd ríkisins, Umhverfisstofnun.

